

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranesi

Garðabær, 4. september 2025
202508-0059/A.B.
08.01

Efni: Umsögn – Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020 – 2032 og nýtt deiliskipulag - Lækur Hafnarlandi

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar vegna skipulagslýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag á landi Lækjar Hafnarlands í Hvalfjarðarsveit, sem barst Náttúruverndarstofnun 20. ágúst 2025.

Í greinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir að landnotkun svæðisins breytist úr frístundabyggð í verslunar- og þjónustusvæði. Áform um uppbyggingu fela m.a. í sér byggingu tveggja íbúðarhúsa, þrettán gistihúsa fyrir allt að 60 gesti og þriggja þjónustubygginga. Skipulagssvæðið er um 15 ha að stærð, vestan við þjóðveg 1 undir Hafnarfjalli.

Forsendur og verndarmarkmið aðalskipulags

Í greinargerð aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar kemur fram að megin stefna sveitarstjórnar sé að vera í fremstu röð varðandi verndun umhverfis og náttúru. Markmið með gerð aðalskipulags er að stuðla að „*skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.*

Náttúruverndarstofnun bendir á að í forsendum verkefnisins verði að horfa til þessara verndarmarkmiða aðalskipulags, ekki einungis til landnýtingarforsendna. Skipulagsmál snúa bæði að nýtingu og vernd lands, og er því nauðsynlegt að tryggt sé að áætlanir um uppbyggingu samræmist markmiðum sveitarfélagsins um náttúruvernd og sjálfbæra þróun.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins eru votlendisvistgerðir, þar á meðal starungsmýrarvist, brokflóavist og runnamýrarvist á láglendi. Þessar vistgerðir hafa mjög hátt verndargildi og eru jafnframt á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Auk þess bendir stofnunin á að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr.

náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Jafnframt skal tekið mið af því sem fram kemur í greinargerð um að hafa beri í huga nákvæmni vistgerðakorta, þar sem þau byggja á kvarða í 1:25.000 eða minni. Nauðsynlegt er að votlendissvæði og vistgerðir verði kortlögð nánar á vettvangi áður en skipulagsvinnu lýkur, þannig að umfang verndar- og áhrifasvæða liggi ljóslega fyrir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er gróið og með votlendi sem getur nýst fuglum sem varp- og fæðuöflunarsvæði. Slík búsvæði eru mikilvæg fyrir votlendis- og mófugla, þar á meðal ábyrgðartegundir Íslands eins og spóa, lóu og hrossagauk. Mikilvægt er að meta áhrif tillögunnar á fuglalíf og ef tillagan hefur áhrif á það er mikilvægt að breyta tillögunni og /eða leggja fram mótvægisáðgerðir.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Pórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur